



## Fundur í velferðar- og fræðslunefnd

**26. fundur velferðar- og fræðslunefndar Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar að Langanesvegi 2, þriðjudaginn 1. febrúar 2022 kl. 14:00.**

**Mætt voru:** Aneta Potrykus varaformaður, Valgerður Sæmundsdóttir, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Jónas Egilsson sveitarstjóri og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Einnig sátu undir lið 1 til 5 á fundinum eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Hilma Steinarsdóttir skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn og Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir skólastjóri Barnabóls, Magdalena Zawodna fulltrúi kennara Grunnskólans, Aðalbjörg María Marinósdóttir fulltrúi nemenda á Barnabóli.

Sigurgjörn Veigar Friðgeirsson íþróttá og tólmstundafulltrúi var í fjarfundarsambandi varðandi lið 8.

Varaformaður setti fund og stjórnaði. Hún spurði hvort athugasemd væri gerð við fundarboð og dagskrá. Svo var ekki og því var gengið til dagskrár.

### Fundargerð

#### Fræðslumál

##### **1. Skólastefna – framgangur**

Þessum lið er frestað vegna veikindaforfalla ráðgjafa.

##### **2. Greinargerð um uppfærslu á fræðsluefni um kynheilbrigði fyrir heilsuvernd skólabarna**

Greinargerð frá Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu þar sem gerð er grein fyrir uppfærslu á fræðsluefni um kynheilbrigði fyrir heilsuvernd skólabarna. Lagt fram til kynningar.

##### **3. Minnisblað um breytt skipulag barnaverndar**

Lagt fram minnisblað frá félagsmálastjóra Norðurþings dagsett 24. janúar 2022 um breytta skipan barnaverndar sem tekur gildi 28. maí 2022.

Til máls tóku: Gréta Bergrún, Jónas, Hilma, Halldóra Jóhanna, Jónas.

Bókun um afgreiðslu: Velferðar- og fræðslunefnd fagnar nýjum farsældarlögum og telur þau til bóta fyrir börn og aðstandendur þeirra hér á landi. Nefndin leggur til að skoðaðir verði möguleikar á að barnaverndarþjónusta verði sameiginleg á Þingeyjarsvæðinu, m.a. vegna vegalengda á svæðinu. Enn fremur er það mat nefndarinnar að skoða eigi möguleika á að sérstakt umdæmisráð barnaverndar verði á landsbyggðinni.



Samþykkt smhljóða

#### 4. Þingsályktun um forvarnir barna og ungmenna gegn kynbundnu ofbeldi

Þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021 – 2025 ásamt mati Sambands íslenskra sveitarfélaga á árangri aðgerða í þingsályktun 37/150.

Til máls tóku: Hilma, Jónas, Halldóra Jóhanna.

*Bókun um afgreiðslu:* Velferðar- og fræðslunefnd fagnar framkominni ályktun og hvetur til samþykktar á henni.

Samþykkt samhljóða.

#### 5. Önnur fræðslumál

Lögð var fram fyrirspurn í fimm liður til sveitarstjóra frá formanni velferðar- og fræðslunefndar:

Sveitarstjóri og lagði fram minnisblað með spurningum og svörum við fyrirspurn formanns.

Til máls tóku: Sveitarstjóri, Halldóra Jóhanna, Magdalena, Jónas, Hilma, Jónas.

*Áheyrnarfulltrúar fræðslunefndar viku af fundi.*

#### Velferðarmál

#### 6. Húsnæðisáætlun – lokaútgáfa lögð fram til kynningar.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur samþykkt húsnæðisáætlun Langanesbyggðar. Lokaútgáfa til lögð til kynningar.

Til máls tóku: Björn, Greta Bergrún, Sólveig, Jónas.

#### 7. Húsnæðimál og stofnun Húsnæðissjálfsseignarstofnunar hses. á landsbyggðinni

Lögð fram gögn um þróun húsnæðismarkaðar á landsbyggðinni, bréf Sambands sveitarfélaga um stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar á landsbyggðinni, minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um samstarf um uppbyggingu húsnæðis á landsbyggðinni, viljayfirlýsing félagsmálaráðuneytis, HMS og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framtíðarskipan á verkefnum sem varasjóður húsnæðismála hefur haft með höndum og minnisblað HMS um til Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsnæðissjálfsseignarstofnun á landsbyggðinni.

Til máls tóku: Jónas, Greta Bergrún, Sólveig.

*Bókun um afgreiðslu:* Velferðar- og fræðslunefnd hvetur til þess að aðild Langanesbyggðar að húseignarsjálfsseignarstofnunar á landsbyggðinni verði íhuguð



vandlega. Um mikilvægt byggðamál er að ræða og vöntun er á húsnæði í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að gera tillögur til sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða

## **8. Minnisblað ípróttta og tómstundafulltrúa um verkefnið Barnvæn sveitarfélög og innleiðingu barnasáttmála SP**

Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson ípróttta- og tómstundarfulltrúi (í fjarfundarsambandi) gerði grein fyrir minnisblaði til nefndarinnar um verkefnið Barnvæn sveitarfélög og hvað innleiðing barnasáttmála SP felur í sér fyrir sveitarfélög.

Til máls tóku: Gréta Bergrún, Sigurbjörn, Jónas; Sigurbjörn, Gréta Bergrún,

*Bókun um afgreiðslu:* Nefndin þakkar ípróttta- og tómstundarfulltrúa fyrir samanteknina á minnisblaðinu. Nefndi leggur til við sveitarstjórn að skoðaðar verði hugmyndir um ungmennaráð sem kæmi að svipuðum málum. Jafnframt óskar nefndin eftir álitum leik- og grunnskólastjóra og ungmennafélagsins á málinu.

Samþykkt samhljóða.

## **9. Mat á áhrifum ákvarðana sveitarfélaga á börn og réttur barna til þátttöku og áhrifa.**

Bréf umboðsmanns barna til sveitarfélaga, dags. 28. janúar 2022, um mat á áhrifum ákvarðana sveitarfélaga á börn og réttur barna til þátttöku og áhrifa.

Bréfið lagt fram.

## **10. Önnur velferðarmál**

Umræður um ungmennaráð og fyrirmyndir annars staðar frá.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 15:35.